

**41. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
13. júní 2016 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Hrönn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Elís Þór Sigurðsson áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1606062 - Grundaskóli - fyrirspurn um nemendaferðir að Laugum

Bréf hefur borist frá kennurum í 8. bekk Grundaskóla þar sem góðri reynslu er lýst af því að fara með nemendahópa að Laugum í Sælingsdal þar sem reknað hafa verið skólabúðir um árabil. Óskað er nú eftir aðkomu skóla- og frístundaráðs vegna þess kostnaðar sem leggst til í ferðinni vegna launa kennara og rútuferðar.

Skóla- og frístundaráð getur ekki orðið við erindinu.

2. 1606038 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Óskað hefur verið eftir námsvist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2016-2017.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

3. 1606037 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Óskað hefur verið eftir námsvist utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2016-2017.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

4. 1605089 - Styrkir til íþróttta- og tómstundafélaga 2016

Umsóknir hafa borist um styrki til íþróttta- og tómstundafélaga á Akranesi vegna þjálfunar og leiðsagnar barna og unglings 3-18 ára. Styrktímabil er frá 1. janúar ? 31. desember á umliðnu ári.

Hrönn, Arnbjörg, Elís Þór og Erla Ösp viku af fundi kl. 8:26.

Jón Þór Þóðarson íþróttafulltrúi í A mætti á fundinn kl. 8:26.

Umsóknir um styrki til tómstunda- og íþróttafélaga sem halda uppi öflugu starfi fyrir börn og unglings á Akranesi.

Styrkjum er úthlutað samkvæmt viðmiðunarreglum. Skóla- og frístundaráð samþykkir úthlutun og vísar til staðfestingar í bæjarráði.

5. 1504152 - ÍA - samráð og samstarf

Skóla- og frístundaráð og stjórn ÍA hafa sammælst um að eiga samráð og samstarf varðandi aðstöðumál, viðhaldsverkefni og stefnumótun.

Samstarfsaðilar hafa rætt saman en hafa ekki náð að ljúka þessari vinnu. Skóla- og frístundaráð leggur því til við bæjarráð að "Samningur um rekstur og samskipti Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness" verði áfram framlengdur um sex mánuði eða til 31. desember 2016. Fram að þeim tíma gefst tækifæri til að fara yfir samninginn og hvernig samráði og samstarf milli samningsaðila verði háttar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:05.

Signiður Indridadóttir
Rakel Óskarsdóttir
Signín Inga Guðnadóttir
Asthildur Öst Þaugnassdóttir
Kristinn Hallur Svansson
Svava Þórhildottir